

Nd.

20. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við lög nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi 1940.)

1. gr.

Orðin „meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert“, í niðurlagi 1. málsg. 1. gr. laganna, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 11 13. janúar 1938, um viðauka við lög nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að líklegt sé, að skortur verði á undirvélstjórum á fiskigufuskipum í vetur, þar sem skipunum muni sennilega verða haldið úti líkt og á sildveiðatímabilinu, og sé því nauðsynlegt að breyta með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar undanþáguheimild þeirri, er felst í lögum nr. 11 13. janúar 1938, þannig að hún gildi fyrir allt árið.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Orðin „meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert“, í niðurlagi 1. málsg. 1. gr. laganna, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. janúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.